

3. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Ákvörðun þar að lútandi skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er heimilt að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri eða beitir öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar og hlutast með þeim hætti til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin.

Seðlabankinn skal hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skrá sérstaklega, á þeim tíma dagsins sem hann ákveður, gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn felld niður eigin gengisskráningu og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjald-eyrismarkaði.

4. gr.

Í 19. gr. laganna kemur á eftir „sparisjóðir“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Lyfjateknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmeðraskóla Íslands og á ljósmeðralögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, orðast svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatekni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatekninema til verklegs náms.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmeðraskóla Íslands, bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1994.

4. gr.

1. mgr. 2. gr. ljósmeðralaga, nr. 67/1984, orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, og lög nr. 13 28. febrúar 1947, um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.